

## Herjólfsgata 36-38-40, húsfélag

Herjólfsgötu 40  
220 Hafnarfirði.

Hafnarfjarðarbær	4/3 2015
Innk:	1503061
Melsnr:	332
Bréfsl:	

Hafnarfirði 2. mars 2015

### Bæjarráð Hafnarfjarðar

B.t. Rósú Guðbjartsdóttur formanns ráðsins  
Strandgötu 6, 220 Hafnarfirði

**Málefni:** Beiðni til Bæjarráðs Hafnarfjarðar um að Hafnarfjarðarbær yfirtaki „Salinn/Pjónustukjarnann“ á 1. hæð að Herjólfsgötu 38 og veiti þar sambærilega þjónustu og hann veitir á Hjallabraut 33 og Höfn.

Beiðni þessi er sett fram fyrir hönd stjórnar Húsfélagsins að Herjólfsgötu 36, 38 og 40.

Í þessum 3 fjölbýlishúsum eru 49 íbúðir og eru þær fyrir 60 ára og eldri. Þar búa í dag 69 einstaklingar. Mikið er um aldraða einstaklinga, 4 eru 90 ára og eldri, 27 eru á milli 80 og 90 ára og 31 eru á milli 70 og 80 ára.

Allflestir þeirra einstaklinga sem festu kaup á íbúðunum hjá húsbýggjandanum ÍAV hf. á sínum tíma voru í þeirri góðu trú að „Salurinn/Pjónustukjarninn“ væri þeim ætlaður og þar yrði þeim veitt þjónusta hliðstæð og á Hjallabraut og Höfn. Annað átti síðar eftir að koma í ljós.

Það var á árinu 2007, að Hjörðis Guðbjörnsdóttir, Gunnhildur Sigurðardóttir og Gunnar Hólmsensson áttu fund með þáverandi bæjarstjóra Lúðvík Geirssyni um að Hafnarfjarðarbær kæmi að rekstri aðstöðu í „Salnum/Pjónustukjarnanum“. Bæjarstjóri tók vel í þessa málaleitan en taldi þó, að enn væri þetta helst til lítill eining en líklegt að eldri borgurum, sem þyrfti að sinna, mundi fljótegla fjölga í hverfinu með uppbyggingu á Norðurbakka og á Herjólfsgötu og þá gæti þetta verið til endurskoðunar. Þá væri mikilvægt, að þjónustukjarninn á Herjólfsgötu 38 væri til reiðu. Þá var komið í ljós að ÍAV hf. var eigandi þessa rýmis.

Þess er hér með farið formlega á leit að Hafnarfjarðarbær yfirtaki „Salinn/Pjónustukjarnann“ að Herjólfsgötu 38 og veiti þar sambærilega þjónustu og hann veitir á Hjallabraut 33 og Höfn.

**Herjólfsgata 36-38-40, húsfélag**


Herjólfsgötu 40

220 Hafnarfirði.

Eins og umræðan er í þjóðfélaginu og orðið viðurkennt, þá er það öllum til hagsbóta að aldraðir geti dvalið sem lengst heima hjá sér.

Stjórn húsfélagsins hefur orðið ásátt með að Almar Grímsson, Herjólfsgötu 38 verði tengiliður stjórnar húsfélagsins við Hafnarfjarðarbæ vegna þessa máls.

Með vinsemdu og virðingu.



Gunnar Holmsteinsson, formaður  
Húsfélagsins Herjólfsgata 36 - 40  
Herjólfsgötu 40, 220 Hafnarfirði  
Netfang gholm2@simnet.is  
Sími 690-6953